

Lionsumdæmi 109 – B

Starfsárið 2016 – 2017.



Ársskýrsla

Umdæmisstjórnar

Björg Bára Halldórsdóttir umdæmisstjóri

Inngangur

Við sem nú erum umdæmisstjórar nutum þeirra forréttinga að hefja starfsárið í Fukuoka í Japan þar sem okkar stórkostlegi fulltrúi Guðrún Björt Yngvadóttir var kosin annar varaforseti alþjóðahreyfingar Lions, stærstu líknarsamtaka heims, fyrst kvenna í heiminum. Það verður um alla tíð ógleymanleg stund.

Starfsárið hefur verið mjög skemmtilegt, nóg að gera og stundum lítill svefn en allt saman ánægjulegt. Ég sé ekki eftir einni mínútu sem ég hef varið í Lionsstörfun. Gott samstarfsfólk og það góða fólk sem ég hef kynnst víða um land er mikill auður. Það sem upp úr stendur eru klúbba heimsóknirnar. Það er magnað að upplifa alla þá vináttu, gleði og vinnusemi sem er sammerkt með þessum klúbbum, stórum sem smáum. Takk fyrir frábærar móttökur kæru vinir í Lions.

Látnir félagar

Áður en lengra er haldið er rétt að minnast þeirra félaga okkar sem látist hafa frá síðasta þingi. Samkvæmt mánaðarskýrslum klúbba eru það eftirtaldir:

Erla Hallgrímsdóttir,	Lkl. Ösp Akureyri
Sigursteinn Guðmundsson,	Lkl. Blönduóss
Sigurður Gíslason,	Lkl. Bolungarvíkur
Sigurður Jósefsson,	Lkl. Vitaðsgjafa Eyjafirði

Ef mér hefur sést yfir að minnast einhverra látinna félaga, til viðbótar þeim sem hér eru nefndir, biðst ég velvirðingar á því.

Við kveðjum þessa félaga með söknuði og þakklæti fyrir þeirra óeigingjarna starf í nafni Lionshreyfingarinnar. Við færum fjölskyldum þeirra og vinum samúðarkveðjur.

Umdæmisþing 2016

Umdæmisþingið var haldið í Mosfellsbæ 22. – 23. Apríl 2016. Þetta var flott og vel skipulagt þing sem er klúbbunum í Mosfellsbæ og bæjarfélaginu til sóma. Bestu þakkir þinghaldarar í Lkl.Úu og Lkl.Mosfellsbæjar.

Á þessu þingi hlaut ég kosningu til umdæmisstjóra, Björn Guðmundsson frá Lkl.Hæng var kosinn varaumdæmisstjóri og Sigfríð Andradóttir annar varaumdæmisstjóri. Vel hefur gengið að manna þessi embætti undanfarin ár og ekki hefur þurft miklar fortölur til, Sigfríð á þessu þingi og Bragi Ragnarsson í ár hafa boðið fram krafta sína án þess að eftir því væri gengið. Það er ánægjuefni fyrir B umdæmið og sýnir kraftinn og áhugann sem þar býr.

Umdæmisstjórn starfsársins 2016 - 2017

Ég lagði upp með að fjölga konum í stjórninni og að fá inn nýtt og ferskt blóð í bland við reynslumeiri fulltrúa. Það tel ég hafa tekist mjög vel. Stjórnin er samansett af 25 fulltrúum frá 16 klúbbum, 11 konur og 14 karlar, sem er 44% konur og 56% karlar. Að auki er 60% svæðisstjóra konur og 66% umdæmisstjóra líka konur. Líklega er þetta með hæsta hlutfalli kvenfulltrúa frá upphafi. Burtséð frá kynjahlutfalli tel ég mig vera mjög lánsama með umdæmisstjórn sem hefur unnið vel á starfsárinu.

Umdæmisstjórn 109 B 2016 -2017

Björg Bára Halldórsdóttir, Björn Guðmundsson, Sigfríð Andradóttir, Kristinn Hannesson,	Lkl. Rán Ólafsvík Lkl. Hængur Akureyri Lkl. Búðardals Lkl. Mosfellsbæjar	umdæmisstjóri 1. varaumdæmisstjóri 2. varaumdæmisstjóri umdæmisritari umdæmisþingsfulltrúi Alþjóðahjálparsjóðsfulltrúi (LCIF) gjaldkeri
Bragi Ragnarsson, Rannveig Ingvarsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Hjörtur Sigurðarson, Jóhann Björn Arngrímsson, Bjarnveig Ingvadóttir, Guðmundur Finnbogason, Gyða Steinsdóttir, Sigfríð Andradóttir,	Lkl.Mosfellsbæjar Lkl.Fold Reykjavík Lkl.Rán Ólafsvík Lkl. Patreksfjarðar Lkl. Hólmavík Lkl. Sunna Dalvík Lkl. Skagastrandar Lkl. Harpa Stykkishólmi Lkl. Búðardals	svæðisstjóri svæði 1-2 svæðisstjóri, svæði 3 svæðisstjóri, svæði 4 svæðisstjóri, svæði 5 svæðisstjóri, svæði 6 félagafulltrúi (GMT) konur í Lions (GMT) leiðtoga- og fræðslufulltrúi (GLT)
Stefán Árnason, Lkl. Kristbjörg Karlsdóttir, Dagný S. Finnsdóttir, Aníta Knútsdóttir, Soffía Pálmadóttir, Birgir Þór Þórðarson, Jón Bjarni Þorsteinsson, Sigurður Steingrímsson,	Vitaðsgjafi Eyjafirði Lkl. Rán Ólafsvík Lkl. Úa Mosfellsbæ Lkl. Fold Reykjavík Lkl. Ylfa Akureyri Lkl. Húsavíkur Lkl. Mosfellsbæjar Lkl. Vitaðsgjafi Eyjafirði	afmælisnefnd Lions umhverfisfulltrúi lestrarátaksfulltrúi kynningarfulltrúi menningarfulltrúi heilbrigðisfulltrúi Lions Quest fulltrúi netfulltrúi, alþjóðasamskiptafulltrúi ungmennafulltrúi, friðarveggspjaldafulltrúi unglingaskiptafulltrúi
Guðjón Andri Gylfason,	Lkl. Hæng Akureyri	

Heiðursráð 109B:

Stefán Árnason,	Lkl. Vitaðsgjafi Eyjafirði
Ingimundur G. Andrésson,	Lkl. Patreksfjarðar
Þorkell Cýrusson,	Lkl. Búðardals
Tryggvi Kristjánsson,	Lkl. Dalvíkur
Bjarney Jörgensen,	Lkl. Rán Ólafsvík

Rekstur hreyfingarinnar og nýtt húsnæði

Rekstur hreyfingarinnar hefur verið erfiður undanfarin ár þar sem tap hefur verið á hverju ári en mis mikið þó. Mér sýnist á þessari stundu stefna í að við gætum jafnvel sloppið á núlli í ár en það á eftir að koma betur í ljós í lok starfsárs. Eitt og annað skýrir tap síðustu ára, meðal annars það að ekki hefur verið gerð kostnaðargreining á vinnu á skrifstofunni fyrir Medic Alert og rukkað samkvæmt því. Sú vinna er nú langt komin og getur vonandi klárast fyrir lok starfsársins. Ekki er komið endanlega í ljós hvað skipti á húsnæði og breytingar sem því fylgdu muni kosta okkur og sitthvað smálegt er eftir þar. Til þess að minnka þörf fyrir langtímalán vegna húsaupa sendum við út valkröfu til allra Lionsfélaga á landinu og hafa viðbrögð verið nokkuð góð.

Töluverðar breytingar voru gerðar á síðasta ári á uppsetningu rekstraráætlunar og bókhalds til að ná betri yfirsýn. Hvert teymi fær nú sína fjárveitingu að hausti og veit því hvað það hefur til umráða. Þetta auðveldar öllum vinnuna og gerir bókhaldið gegnsærra.

Eins og flestir vita höfum við verið að leita að nýju húsnæði fyrir hreyfinguna í 2 til 3 ár. Sóltúnið þurfti mikilla endurbóta við, svo skipti tugum milljóna og hentaði okkur ekki nógu vel með tilliti til aðgengis.

Húsnæðismarkaðurinn er erfiður að því leyti að um leið og eitthvað álitlegt skrifstofuhúsnæði kemur á markaðinn eru fasteignafélögin fljót að grípa það til útleigu. Við vorum búin að skoða mikið og gera tilboð en ekkert gekk. Þar til í lok júlí á síðasta ári að við rákum augun í álitlegt húsnæði til sölu í Hlíðasmára 14 í Kópavogi. Við fórum strax að skoða og festum kaup á því í framhaldinu. Það þurfti að fara í smá breytingar til að það hentaði okkar starfsemi, þ.e. taka niður vegg milli tveggja rýma til að gera fundarsal, svo var málað og annað smálegt gert sem fylgir svona flutningum. Við settum Guðmund Helga Gunnarsson yfir framkvæmdirnar en það fór svo að hann gerði þetta að mestu sjálfur með aðstoð nokkurra félaga. Hann á miklar þakkir skildar frá okkur Lionsfélögum. Við eigum nú fallett Lionsheimili og skrifstofu á góðum stað á jarðhæð með góðu aðgengi fyrir alla.

Heimsóknir og félagamál

Í upphafi þegar ég varð annar varaumdæmisstjóri lagði ég upp með að heimsækja alla klúbba á þeirra fundartíma og fundarstað. Það gerði ég fyrstu tvö árin en í ár hef ég þurft að slá klúbbum saman og mætt á þrjá sameiginlega fundi þeirra til að fækka ferðum. Vinnu minnar vegna varð ég að gera þetta svona. En þetta eru allt klúbbar þar sem allt er í góðu standi og þess vegna á þetta að vera í lagi.

Eins og ég nefndi áður finnst mér heimsóknir til klúbba vera það sem stendur upp úr á starfsárinu. Móttökurnar hafa alls staðar verið mjög góðar og vinsamlegar. Mér finnst ég nú eiga vini um allt land.

„Með vináttu leggjum við lið“ eru mín einkunnarorð og hef ég þá trú að vináttan sé það mikilvægasta í okkar Lionsstarfi. Það er því skemmtilegt að upplifa hvað mikil vináttan er í klúbbunum og að hún er hvað mest í sterkustu klúbbunum.

Ég hef lagt áherslu á að ræða opinskátt um félagamálin og hef hvatt klúbba til að fara í naflaskoðun og vanda val nýrra félaga. Það þarf að taka á móti nýjum félögum á þeirra forsendum og hlusta á þeirra hugmyndir. Nýir og ferskir vindar fylgja oftast nýjum félögum og umburðarlyndi þarf að vera af beggja hálfu svo sambandið dafni. Við þurfum að vanda okkur við þetta ferli. Ég hef þá trú að klúbbur vináttu og samlyndis sé mikilvægari en einhver ákveðin félagatala.

Okkur ber sem umdæmisstjórum að miðla boðskap frá yfirstjórn í þessum heimsóknum en mér finnst þó mest um vert að fá sjónahorn Lionsfélagans á hvað við eigum að gera og hvernig. Við þurfum að aðlaga hreyfinguna að því sem félögunum líkar og vera alls óhrædd við breytingar, við þurfum að vera í sífelldri endurskoðun á starfi okkar og verkefnum. Klúbbar eru allir að vinna mjög vel að sínum verkefnum, margir í sinni heimabyggð og oft í samstarfi við aðra klúbba. Það er ánægjulegt að upplifa þann mikla kraft sem er í Lionsfólki en það mætti vera duglegra að auglýsa þennan dugnað.

Við umdæmisstjórnarnir höfum í heimsóknum og starfi öllu haft jákvæðni og bjartsýni að leiðarljósi og hef ég þá trú að það skili sér í betra starfi.

Tveir klúbbar, Bolungarvík og Blönduós berjast nú í bökkum og óvíst er hvernig fer fyrir þeim, þar þarf að koma til vítamínsprauta í heimabyggð. Að mestu gengur vel hjá öðrum klúbbum og flestir eru að taka inn nýja féлага. Allt stefnir í að fjölgun verði í umdæminu í ár og er það mjög ánægjulegt því síðustu árin hafa verið okkur erfið.

Starfið í umdæmisstjórn

Aðaláhersluatriði fjölumdamisráðs þetta starfsár var á féлага- og kynningarmál. Hreyfingin á 100 ára afmæli í ár, því ber að fagna og nýta vel til kynningar. Ekki síst þurfa félagar um allt land að kynna Lions í sínu nærumhverfi og hafa það í huga í sínu daglegu lífi.

Fyrsti fundur umdæmis- og fjölumdamisstjórnar var 3. september. Haldinn var sameiginlegur fundur umdæma og fjölumdamis þar sem farið var yfir starfið framundan og það undirbúið.

Lögð var áhersla á góða samvinnu verkefnateymanna.

Annar fundur umdæmisins var haldinn 26. nóvember. Umdæmin funduðu sitt í hvoru lagi til kl. 11 en þá var farið í sameiginlega verkefnavinnu beggja umdæma og fjölumdamis um skýrslu um framtíðarstefnu Lions á Íslandi. Þar náðust góðar umræður og punktar sem unnið hefur verið úr. Eftir hádegi var fjölumdamisfundurinn.

Þriðji umdæmisfundur var síðan haldinn 1. apríl í nýja heimilinu í Hlíðasmára 14. Eftir gagnlegar umræður um skýrslur var hópnum skipt upp í rýnihópa sem skoðuðu hvað við getum gert til að minnka brottfall féлага og til að laga klúbbastarfið með áherslu á karlklúbba vegna erfiðleika hjá nokkrum þeirra.

Fjölumdamisfundur var eftir hádegi á Hótel Sögu og um kvöldið var svo að vanda uppskeruhátíð umdæmanna, skemmtileg og notaleg samverustund.

Í tengslum við þriðja umdæmisfund var leiðtogaþjálfun fyrir umdæmis- og fjölumdamis fulltrúa. Við leituðum til GLT og Halldórs Kristjánssonar í haust um að finna fræðslu sem gæti nýst okkar fólki vel. Hann fékk hvorki meira né minna en einn besta stjórnendapjálfa landsins Eyþór Eðvarðsson til liðs við sig sem kenndi okkur „Að stjórna jafningjum“. Bestu þakkir Halldór og Eyþór þetta var alveg frábært, bæði gagn og gaman.

Það var stefnan í vetur að koma þessari fræðslu að og það tókst loks núna og mæltist mjög vel fyrir hjá þeim sem sóttu. Mín trú er sú að ef við gefum umdæmisfulltrúum kost á einhverskonar fræðslu til að efla sig og þroska, í bland við umdæmisstörfin fáum við ákveðnari og áhugasamari fulltrúa til starfa. Ég legg til að þetta verði gert árlegt, gjarnan að hausti.

Allir umdæmisfundirnir voru mjög góðir og gagnlegir og umræður mjög hreinskiptar eins og þær eiga að vera. Sérstaklega var fundurinn í Hlíðasmáranum góður og líflegur, vonandi boðar það gott fyrir okkar nýja heimili.

Alþjóðþingið

Alþjóðþing Lionshreyfingarinnar var haldið í Fukuoka í Japan í lok júní eins og ég kom að áður. Þátttakendur voru um það bil 35.000, Lionsfélagar alls staðar að úr heiminum frá ríflega 200 þjóðlöndum, þar af um 700 umdæmisstjórar. Flestir voru þó að sjálfsgöðu frá heimalandinu Japan, gífurlegur fjöldi sótti þingið laugardag og sunnudag. Vel skipulagt þing eins og Japönnum er einum lagið og vel um okkur hugsað allan tímann.

Mikil upplifun er að koma á svona þing, stærðin og umfang þingsins kemur á óvart. Það er ástæða til að hvetja alla sem það geta til að fara á alþjóðþing.

Frá Íslandi fórum við verðandi umdæmisstjórar og verðandi fjölumdæmisstjóri ásamt mökum. Einnig sóttu þingið Guðrún Björt og Jón Bjarni, Kristinn Hannesson, Dagný Finnsdóttir, Einar Helgason og Kristín Þorfinnsdóttir.

Hápunktur þessa þings var kjör Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur til vara alþjóðaforseta. Það sem við erum stolt af okkar stórkostlegu konu sem heillaði alla með fágaðri framkomu sinni og persónutöfrum. Hvarvetna sem við Íslendingarnir fórum hittum við fólk sem spurði um Guðrúnu og lýsti aðdáun sinni á henni.

Á þinginu í Las Vegas 2018 mun hún taka við embætti alþjóðaforseta fyrst kvenna og er það von mín að sem flestir leggi leið sína þangað til að upplifa þennan merkisatburð í sögu Lionshreyfingarinnar og Lions á Íslandi. Skipuð hefur verið ferðanefnd og hafa einhverjir klúbbar nú þegar ákveðið að fara á þingið.

Lokaorð

Þessi vegferð mín sem umdæmisstjóri B umdæmisins hefur verið mér ómetanleg reynsla. Ég hef kynnst skemmtilegu og hugmyndaríku fólki sem ég met mikils að hafa fengið tækifæri til að vinna með. Hafið bestu þakkir Lionsfólk fyrir að gefa mér þetta tækifæri.

Takk Lionsfélagar um allt land sem hafið tekið á móti mér eins og vini.

Takk Árni fjölumdæmisstjóri, Gunnar umdæmisstjóri og makar fyrir samstarfið og samfylgdina.

Takk Kolfinna og Magnea á Lionsskrifstofunni fyrir samstarfið og aðstoðina.

Þakkar til umdæmisfulltrúa fyrir mjög gott samstarf, sérstaklega vil ég þakka Birni, Sigfríð og Stefáni, þið eruð frábær.

Bestu þakkar Kiddi, Kristinn Hannesson umdæmisritari og mín hjálparhella, fyrir þitt góða starf, alla þolinmæðina, liðlegheitin og ráðin.

Síðast en ekki síst, ástarþakkar til eiginmannsins Sigurjóns Bjarnasonar fyrir ómetanlegan stuðning og þolinmæði.

Ég er bjartsýn á framtíð Lionshreyfingarinnar á Íslandi, hér er fjöldinn allur af sterku, jákvæðu og fórnfúsu fólki sem vinnur mikla vinnu og góða en þarf að vera duglegra að láta vita af því hvað það er í raun að vinna mikið og vel fyrir sitt samfélag.

Björg Bára Halldórsdóttir,
umdæmisstjóri 109B